

Starfsreglur Aganefndar Blaksambands Íslands

1. gr.

Aganefnd BLÍ skal skipuð 3 mönnum og einum til vara og sér stjórn BLÍ um tilnefningu þeirra.

2. gr.

Verksvið aganefndar er að fjalla um og kveða upp úrskurði um brat leikmanna, þjálfara, aðstoðarmanna og forystumanna félaga, sem framin eru í keppni (leik) eða á keppnisstað. Aganefndin fjallar þó einungis um þau brot sem kærð eru til hennar sbr. 5 gr. 1. lið.

3. gr.

Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.

4. gr.

Munnlegur málf lutningur er aðeins heimill þegar brot geta varðar við 3. og 4. tl. 5. gr. Þegar slíkt er heimilt skal aganefnd tilkynna aðilum fyrirtekt með 3 sólarhringa fyrirvara og skal aðili þá flytja vörn sína og á ekki kost á frekari frestun.

5. gr.

1) Öllum starfsmönnum leiks er heimilt að kæra, en dómari skal koma kærinni til aganefndar. Kæra er heimil geri leikmaður, þjálfari eða aðstoðarmenn bans eða forystumenn félags sig seka um:

a) að gagnrýna ákvarðanir dómara.

b) að viðhafna meiðandi, eða niðrandi ummæli um leikmenn, starfsmenn áhorfendur eða dómara.

c) aðra minniháttar óþrúðmannlega framkomu.

2) Sjái dómari sig tilneyddan að áminna (gult spjald), brottvísa (rautt spjald), eða útiloka leikmann eða þjálfara, skal auk þess refsasem hér segir:

a) Áminning 3 gul spjöld, 1 leikur bann

b) Brottvísun (rautt spjald) 1 leikur bann

c) Útilokun 1 leikur barn

Dómarar skulu því sjá til þess að áminning (gult spjald) séu skráð í leikskýrslur.

3) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi gagnvart leikmanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsasem með leikbanni í minnst þrjá leiki. Við ítrekun komi minnst 6 leikja bann.

4) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi sem telst alvarlegs eðlis, gagnvart leikmanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsasem með leikbanni í ótiltekinn tíma og ef um ítrekun er að ræða, gæti refsingin orðið ef um mjög alvarlegt brot er að ræða, lífstíðarbann.

5) Refsingar aganefndar er aðeins hægt að taka út í leikjum Íslandsmóts, bikarkeppni eða hliðstæðra möta og öðrum opinberum keppnum viðurkenndum of stjórn BLÍ. 6) Þegar leikmaður má leika með tveimur eða fleiri flokkum á sama leiktímabili, tekur refsingin aðeins til leikja í þeim flokki sem brotið var framið í, nema aganefnd ákveði annað.

6) Þegar leikmaður má leika með tveimur eða fleiri flokkum á sama leiktímabili, tekur refsingin aðeins til leikja í þeim flokki sem brotið var framið í, nema aganefnd ákveði annað.

7) Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni, eða neitar að halda leik áfram. Refsingin við því getur orðið, auk þess sem leikreglur í blaki mæla fyrir um, brottrekstur úr keppni, leikbann á alla leikmenn liðsins og sektir.

8) Gerist áhorfendur sekir um vitaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum eða dómurum, er heimilt að svipta það lið, sem leikurinn er leikinn hjá, næsta eða næstu heimaleikjum, þar til öryggi leikmanna og starfsmanna telst tryggt.

9) Brot framin á einu leiktímabili gilda á því næsta en ekki lengur

6. gr.

Kæri dómari leikmann fyrir brot samkvæmt 1. og 2. tölulið 5. gr. skal harm aðeins færa það inn á leikskýrslu í athugasemdir ásamt undirskrift sinni. En kæri dómari leikmann fyrir brat samkvæmt 3. og 4. tölulið 5. gr. skal hann senda aganefnd ítarlega skýrslu um brotið innan 2 sólarhringa frá því að brotið er framið.

7. gr.

Kærun skulu teknar til úrskurðar innan 3 sólarhringa frá því að kærnan berst til aganefndar (sjá þó 4. gr.) Skal leikbann, ef um það er að ræða, koma til framkvæmda í næsta leik á eftir að aganefnd hefur kveðið upp úrskurð sinn. Eigi kærður leikmaður leik innan 3 sólarhringa frá því kærnan berst, skal ef unnt er ljúka máli hans fyrir þann tíma.